



Alþýðusamband Íslands

Tillaga að ályktun 41. þings ASÍ um stöðu kjaramála

41. þing ASÍ harmar þá stöðu sem upp er komin á íslenskum vinnumarkaði. Sjaldan eða aldrei hafa kjarasamningar skilað jafn ólíkum launahækkunum og á liðnu ári. Á sama tíma og gerð er krafa til almenns launafólks að halda aftur af kröfum sínum til að koma á stöðugleika hafa birst í fjölmiðlum fréttir af miklum launahækkunum margra stjórnenda í fyrirtækjum ofan á gríðarlega há laun. Þá hefur ríkisstjórnin boðað aukinn ójöfnuð og skerðingar á réttindum og kjörum launafólks í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2015.

41. þing ASÍ krefst þess að atvinnurekendur leiðrétti þann mun á launaþróun sem varð til í kjarasamningum mismunandi hópa á liðnu ári. Þá er þess krafist að stjórnvöld dragi til baka þær skerðingar á réttindum og kjörum launafólks sem boðuð eru í fjárlagafrumvarpinu.

Sjái viðsemjendur okkar sem og ríkisvaldið ekki að sér er ljóst að það stefnir í erfiðar kjaraviðræður upp úr áramótum og átök á vinnumarkaði.